

Leikskólinn Grænigarður

Ársskýrsla 2023-2024



Leikur – Gleði – Vinátta

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skýrsla um skólahald	3
Starfsmarkmið Grænagarðs 2023-2024	5
Leikurinn	5
Læsi	6
Stærðfræði - Talnalæsi	6
Sköpun	6
Vináttuverkefni	7
Útivist og vettvangsferðir	7
Mat á skólastarfi	7
Skipting nemenda	8
Starfsmenn	8
Samstarf leik- og grunnskóla	9
Fjárhagsáætlun	9
Framkvæmdir	10
Viðauki 1 - Myndir	11
Viðauki 2 – Myndir	16

Inngangur

Í ársskýrslu leikskólans Grænagarðs verður farið yfir upplýsingar og helstu þætti starfsins skólaárið 2023-2024. Fjallað verður um markmiðasetningu og hvernig tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ítarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda leikskólans eftir aldri og kyni. Farið verður yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma ekki fram vegna fámennis.

Leikskólinn Grænigarður hóf starfsemi í desember 1996. Skólinn var reistur fyrir gjafafé frá færeysku þjóðinni sem hún safnaði eftir að snjóflóð féll á Flateyri í október 1995. Grænigarður er 400 fermetra bjálkahús með rými fyrir 42 börn í heilsdagsvistun. Efri hæð leikskólans var nýtt undir félagsmiðstöð barna í unglingadeild Grunnskóla Önuðarfjarðar en þau hittust 1x-2x í viku. Fjöldahjálparstöð Rauða kross Íslands hefur aðstöðu á efri hæðinni eftir breytingar á rýmingarsvæðum vegna ofanflóða.

Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2023-2024 er fyrsta árið sem undirrituð gegnir stöðu leikskólastjóra á Grænagarði. Undirrituð tók við starfinu um áramót af fráfarandi leikskólastjóra sem hóf störf í ágúst 2023.

Þar sem illa gekk að ráða í stöðuna náðist ekki að opna leikskólann þann 8. ágúst eins og til stóð. Leikskólinn opnaði í staðin þann 14. ágúst kl. 9:00. Frá kl. 8:00-9:00 var húsgögnum raðað á sinn stað eftir bónvinnu innanhúss í sumarlokuninni. Fyrstu dagarnir eftir opnun einkenndust af frjálsum leik inni og úti, börn og kennarar tóku sinn tíma í að kynnast almennilega og í lok ágúst, byrjun september fóru skipulagðar stundir og hópatímar af stað á báðum deildum.

Fráfarandi skólastjóri fylgdi því dagatalið sem hafði verið sett upp áður en hún hóf störf. Þar voru reglulegir uppbrotsdagar í leikskólanum t.d. tengdir ákveðnum lit eða tímabili. Ekki náðist að halda hjóladaginn þetta árið sökum frestun á opnun. Náttfataball, rafmagnslaus dagur og hrekkjavaka voru dagar sem haldið var upp á. Á sumum uppbrotsdögum koma börnin með eitthvað að heiman, t.d. spil á spiladegi, bangsa á bangsadeigi, bækur á bókadegi o.s.frv. Í byrjun janúar var svo „sýndu og segðu“ þá komu börnin með einn hlut að heiman sem þau sýndu öðrum nemendum og sögðu frá.

Í kringum hrekkjavökuna gerðu allir nemendur búninga í leikskólanum og gengu svo í hús seinnipartinn, eftir lokun leikskóla. Foreldrum var boðið í jólakaffi í byrjun desember þar sem boðið var upp á kaffi, heitt súkkulaði, ávexti og piparkökur sem börnin skreyttu. Sameiginlegt jólaball leik- og grunnskóla var haldið hér á Grænagarði 15. desember og fengum við heimsókn frá þeim bræðrum Stúf og Hurðaskelli. Á öskudaginn mættu börn og starfsfólk í búningum og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Börnin fóru svo á Gunnukaffi þar sem þau borðuðu hádegismat með GÖ og sungu nokkur þorralög.

Í tilefni bónda- og konudags var haldið foreldrakaffi þar sem boðið var upp á pönnukökur og kaffi. Börnin höfðu svarað spurningum um foreldra sína sem allir horfðu á saman eftir kaffið.

Páskaeggjaleit og fjölskyldudagur var haldinn síðasta miðvikudag fyrir páska, þá var foreldrum og systkinum boðið að taka þátt í páskaeggjaleit með nemendum. Í maí var svo sólarganga en þá gengu nemendur leik- og grunnskóla fylktu liði um Flateyri með kórónur og skreytt gulum lit og sungu sólar- og sumarlög. Í hádeginu var svo boðið upp á grillaðar pylsur í leikskólanum.

Við reglubundnar skimanir þetta skólaárið var notast við Tras skráningu á málproska, málproskaprófið Orðaskil og Mío sem er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar. Eitt barn fór í málproskamat hjá talmeinafræðingi frá Tröppu.

Foreldraviðtöl voru í mars þar sem farið var yfir ákveðna þætti um börnin og foreldrum gefinn kostur á að koma á framfæri skoðunum sínum, óskum og væntingum. Einn skilafundur fór fram í ágúst þar sem eitt barn útskrifaðist úr skólanum í vor.

Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskólann og sá það meðal annars um fjáröflun á árshátið grunnskólans og kaup á jólagjöfum frá Sveinka til allra barna á báðum skólastigum. Stjórn foreldrafélagsins skipa:

- Eyvindur Atli Ástvaldsson
- Gerður Ágústa Sigmundsdóttir
- Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir
- Steinunn Guðný Einarsdóttir.

Starfandi foreldraráð við leikskólann var frekar óljóst yfir veturinn og er það í plani að fara yfir þessa þætti betur næsta vetur. Allir foreldrar lásu yfir skóladagatal fyrir veturinn 24-25 og samþykktu áður en dagatalið fór til Skóla-, íþrótt- og tómstundasviðs.

Upplýsingakerfið Karellen er notað fyrir samskipti á milli heimilis og skóla í leikskólanum og eru reglulega settar inn myndir úr starfinu sem foreldrar geta skoðað.

Börn og starfsmenn á Grænagarði fengu hádegismat sem eldaður var á Gunnukaffi, eldhússtarfsmenn sáu um að sækja matinn og skila matarkassa að loknum matartíma. Starfsmenn leikskólans sáu um að útbúa morgunverð, ávaxtastund og síðdegishressingu fyrir börnin.

Eitthvað þurfti að loka þennan veturinn vegna fáliðunar. Brugðið var á það ráð að skipta nemendahópnum upp og helmingur sendur heim eftir hádegi ef það gekk upp. Með nýjum starfsmannahóp og fleiri afleysingarstarfsmönnum gekk það töluvert betur eftir árámótin að halda opnu alla daga. 16. febrúar herjaði pest bæði á starfsfólk og nemendur og var leikskólanum lokað kl. 12 þann daginn.

Kvennafrídaginn 24. október, var blásið til allsherjar kvennaverkfalls um allt land og þar sem allir starfsmenn voru konur á þeim tíma mættu starfsmenn ekki til vinnu þann dag heldur fóru ýmist yfir á Ísafjörð á baráttufund eða fylgdust með ræðuhöldum heima fyrir.

Opnunartími leikskólans hélst eins yfir þennan veturinn en opið var frá 8 – 16.

Áfram var unnið með snemmtæka íhlutun í skólanum út frá handbókinni sem gerð var fyrir skólann árið 2022. Undirrituð hefur reynslu af slíkri vinnu fá fyrri starfsstöðum og leggur almennt miklar áherslur á markvissa málörvun og íhlutun í starfi. Áfram verður lögð áhersla á að fletta bókinni á starfsdögum.

Þann 9. nóvember var allsherjar starfsmannadagur Ísafjarðarbæjar haldinn í Torfnesi frá 12:00 – 16:00 og lokaði leikskólinn því á hádegi þann dag. Boðið var upp á léttan hádegisverð og kaffi yfir daginn. Á dagskránni var farið yfir félagslega töfra, félagsauð, kúltúr, félagslega smitun og hvernig við getum gert gott samfélag betra. Markmiðið var að fræðslan gæti stuðlað að auknum félagslegum töfrum, bæði í störfum út á við sem/og innbyrðis innan stofnana bæjarins. Einnig að starfsmenn finndu það sem þeim finnst merkingarbært í störfum sínum, hlúi að því, stuðli að jákvæðum samskiptum og smiti aðra af þeim.

Á starfsdögum skólans var farið yfir ýmis mál fyrir áramót þar sem nýr skólastjóri var að fóta sig í hlutverkinu. Hugmyndir að breytingum voru mótaðar við starfsfólk og gafst þeim færi á að tjá skoðanir sínar á þeim. Breytingarnar fólu í sér að opna hurðar og sameina barnahópana meira yfir daginn. Fatahengi leikskólans var gríðarlega stórt og lítið nýtt svæði þar sem börnin eru fá. Brugðið var á það ráð að færa fatahengið yfir í gang sem leiðir að útidyrum. Rýminu var svo breytt í matstofu þar sem allir nemendur og kennarar borða nú saman morgunmat, ávexti, hádegismat og síðdegishressingu.

Sameiginlegur starfsdagur var haldinn snemma á þessu skólaári þar sem farið var yfir farsældarlögin með öllu starfsfólki leikskólanna í Ísafjarðarbæ. Sólveig Norðfjörð kynnti farsældarlögin og Margrét Geirsdóttir var svo með erindi frá stoðþjónustu bæjarins með áherslu á Barnavernd.

Nokkrir tengiliða-fundir voru haldnir yfir árið og skýrðust málin þónokkuð vel varðandi farsældarlögin og lög um samþætta þjónustu.

Starfsmarkmið Grænagarðs 2023-2024

Hér á eftir eru starfsmarkmið leikskólans síðasta skólaár samkvæmt starfsáætlun og hvernig til tókst að fylgja þeim eftir. Þar sem þessi vetur einkenndist af örum starfsmanna- og stjórnendaskiptum voru starfsmarkmiðin ekki eins skýr og ætla mátti. Undirrituð var á lokaári í meistaranámi leikskólakennarafræða og nýtti lokaverkefnið í að móta áframhaldandi stefnu ofan á það sem skólinn stóð fyrir áður.

Leikurinn

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og megin námsleið barna. Leikurinn er börnum eðlislægur og þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja á eigin forsendum. Í leik vinna börn úr reynslu sinni, prófa getu sína og gera tilraunir, þau skapa leikinn úr hugarheimi sínum og taka ákvarðanir á eigin forsendum.

Þegar börn leika saman, þá setja þau fram sínar hugmyndir og læra að virða sjónarmið annarra, þannig taka þau þátt í lýðræðislegum athöfnum í gegnum leik. Í leik nota börn tungumál, hreyfingu, læra félagsleg samskipti og efla tilfinningatengsl. Sköpunarkraftur barna vaknar í leik og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Leikurinn er kjarninn í starfi leikskólans. Hann er uppistaðan í frjálsum og skipulögðu starfi skólans þar sem námssviðin fléttast markvisst inn í.

Markmiðið var að frjálsi leikurinn fengi alltaf nægilegt rými í dagskipulagi skólans. Í vor var ákveðið að börnin myndu alltaf sameinast á eldri deildinni eftir hvíld yngri barna og hefur það gengið vel. Börnin þjálfast þá í því að taka tillit til yngri barna og eflast þau yngri einnig í málþroska og læra óskrifaðar leikreglur af þeim eldri. Notast er við bæði innra og ytra rými deildarinnar og hópnum skipt niður ef þess þarf. Samræðumat kennara á starfsmannafundum bendir til þess að þessi leið gangi nokkuð vel og verður því áfram unnið á þann veg.

Læsi

Með nýju starfsfólki var aðalmarkmið fráfaramandi leikskólastjóra og undirritaðrar að efla íslenskt málumhverfi í Grænagarði. Lögð var áhersla á það í viðtölum við nýtt starfsfólk að mikilvægt væri að setja orð á allar athafnir með börnunum, spyrja börnin opinna spurninga og almennt halda uppi góðum og skýrum samræðum milli starfsmanna. Áfram var lögð áhersla á gott aðgengi að bókum og daglegan lestur. Eldri börn vinna mikið með þulur og vísur ásamt því að nota Orðagull, Ljáðu mér eyra og Tölum saman. Námsefnið „Lubbi finnur málbein“ er svo stuðst við á báðum deildum með mismunandi hætti.

Unnið var markvisst með Lubba á báðum deildum vikulega og stafur/málhljóð vikunnar lagt inn. Á eldri deild var unnið með vísur og þulur eins og lagt var upp með en á yngri deild lögð meiri áhersla á söng með og án hreyfinga. Markmið um lestur daglega gekk eftir og eins vinna með Orðagull, Ljáðu mér eyra og Tölum saman á eldri deild. Bækur voru aðgengilegar fyrir börn á eldri deild og bækur gerðar aðgengilegri fyrir börn á yngri deild.

Markmið um ríkt málumhverfi stóðst en allir nýjir starfsmenn hafa íslensku að móðurmáli sem gerir vissulega gæfumuninn hvað málumhverfi varðar.

Handbókin um snemmtæka íhlutun í máli og læsi heldur áfram að styðja við vinnu starfsfólks þegar kemur að markvissri málörvun. Við þá vinnu var öllu málörvunarefni leikskólans skipt upp í flokka og gert aðgengilegra en áður þannig að verkfærin eru til staðar fyrir starfsfólk að skipuleggja málörvun fram í tímann.

Partur af lokaverkefni undirritaðrar var að virkja foreldra í samstarfi við skólann og var því sett af stað lestrarátak. Skólinn leigði bækur af bókasafni Ísafjarðarbæjar og fóru börnin með eina bók heim hvern dag í áttinu, en það stóð yfir í 3 vikur. Bókin var svo lesin heima af foreldrum fyrir barnið og skráðu þau bókina á tiltekinn bókakjöl morguninn eftir. Börnin hengdu svo bókakilina á vegg þar sem máluð var bókahilla fyrir átakið. Hillan fylltist fljótt af skemmtilegum bókum og lásu börnin um 100 bækur yfir þessar þrjár vikur.

Átakið ýtti undir samstarf við foreldra og gerði þau að virkum þátttakendum í starfinu. Einnig nýttist það sem vettvangur til þess að koma góðum fræðsluupplýsingum til foreldra varðandi mikilvægi lesturs með börnum. Áætlað er að þessi liður sé kominn til að vera í skólastarfinu og verði iðulega haldinn á hverju hausti.

Stærðfræði - Talnalæsi

Markmiðið var að vinna markvisst með tölur og talnalæsi í hópatímum. Minna var unnið með Numicon kubbana en áður en voru tölurnar með myndum af kubbunum sýnilegar allan veturinn. Elstu tveir árgangarnir voru með sína bók af Talnalandi en þar fyrir utan fengu eldri börnin útprentuð verkefni, spiluðu stærðfræðispil og leiki.

Á yngri deild, var markmiðið nálgast á annan hátt, tölur voru sýnilegar í umhverfinu, lagt upp úr því að þekkja tölur frá einum og upp í tíu og flokkun. Það var gert bæði huglægt, t.d. með því að telja, syngja talnalög og nota tákn og hlutbundið t.d. með litlum plastböngsum sem börnin töldu og flokkuðu eftir litum.

Sköpun

Markmiðið með sköpunarþættinum var að hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barna fengju að njóta sín í skapandi starfi og athyglin að beinast að ferlinu sjálfu, margvíslegum efnivið og fjölbreyttri tækni. Börnin fengju að vinna úr reynslu sinni sjálf og/eða með hjálp kennara. Minni áhersla var lögð á

útkomuna og afurðina og meiri áhersla á að barnið kæmist í gott skapandi flæði. Þetta gekk ágætlega eftir en alltaf er rými fyrir bætingar.

Vináttuverkefni

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti þar sem áhersla er lögð á að vinna með eftirfarandi gildi: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar. Bangsinn var sýnilegur allt skólaárið og markmið með vinnu í tengslum við verkefnið ekki mjög skýrt. Á eldri deild var unnið markvisst með vináttuþema yfir ákveðið tímabil og þurfti einnig að grípa í frekara verkefni þegar nálgæðist vor þar sem árekstrar í barnahópnum hafði aukist töluvert. Markmiðið með því verkefni var að styrkja eldri börnin sem hóp og efla liðsheild meðal þeirra.

Vinnan gekk vel fyrir sig og bar góðan árangur. Árekstrar urðu færri og starfsmenn tóku eftir aukinni virðingu og umburðarlyndi innan hópsins.

Meirihluti starfsfólks á eftir að fara á Vináttu námskeiðið og verður reynt að koma því að í vetur.

Útivist og vettvangsferðir

Áfram var unnið með það markmiðið að börnin færu í útivist a.m.k. einu sinni á dag og að vettvangsferðir yrðu hluti af starfinu með börnunum, þannig að þau fengju ögrandi og krefjandi útivist með fjölbreyttri hreyfingu, auk þess að skoða nærumhverfi sitt og læra meðal annars að umgangast náttúruna af virðingu og fylgjast með árstíðabreytingum.

Þetta markmið gekk vel og voru dagarnir þar sem börnin fóru einungis einu sinni í útiveru taldir á fingrum einnar handar. Útivera náðist því yfirleitt alltaf tvisvar á dag og verður því markmiði haldið áfram í komandi dagskipulagi. Boðið verður upp á að fara út utan skipulagðra skipta fyrir þá sem þurfa á því að halda. Farið var reglulega í vettvangsferðir, og nánasta umhverfi skoðað, yfir kaldasta vetrartímenn fóru yngri börnin sjaldnar en þau eldri. Farið var í ferðir þar sem að lagt var upp með kröftugri hreyfingu, t.d. á ærslabelg og í leiktæki við grunnskólann. Margar könnunarferðir voru farnar í fjöruna, farið í útibingó, plöntur og skordýr skoðuð.

Mat á skólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Ekki var farið í markvissa innra-mats vinnu þennan veturinn. Óformlegt mat fór fram á starfsmannafundum varðandi dagskipulag, samskipti innan starfsmannahópsins og vinnu með börnunum. Foreldrakönnun Skólapúlsins var ekki lögð fyrir þetta árið en undirrituð kynnti sér niðurstöður skólapúlsins frá árinu 2022 og hélt þeim áherslum áfram. Áhersla var lögð á eftirfarandi:

1. Jákvæð samskipti við börn og foreldra

- Starfsmenn lögðu áherslu á hrós, hvöttu til sjálfstæðis hjá börnunum og voru meðvituð um að halda ró sinni.
2. Bætt upplýsingaflæði
 - Mánaðardagatöl voru send til foreldra með þeim dögum sem þurfti að muna sérstaklega eftir.
 - Bæta þyrfti upplýsingaflæði um starfsemina sjálfa til foreldra en hingað til er henni mikið deilt til þeirra í formi mynda á Karellen.
 - Vinna við uppfærslu námskrár fór ekki fram en er áætlað að hefja þá vinnu með starfsmönnum í haust.
 3. Skapandi starf
 - Börnin fengu að stjórna verkefnum sínum nokkuð frjálst en þó bera verkefnin enn merki um fyrir fram ákveðna útkomu og verður því áframhaldandi áhersla lögð á að minnka það.

Við reglubundnar skimanir þetta skólaárið var notast við Tras skráningu á málþroska allra barna frá 2,2 ára aldri. málþroskaprófið Orðaskil var lagt fyrir 2 börn sem urðu tveggja ára í apríl. Míó sem er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar var lagt fyrir 4 elstu börnin. Hljóm 2 var lagt fyrir elsta barn skólans. Eitt barn fór í málþroskamát til talmeinafræðings á vegum Tröppu.

Skipting nemenda

Í byrjun skólaárs voru nemendur í Grænagarði 7 talsins. Eitt barn bættist við í september og annað hætti skóladvöl í nóvember svo börnin voru eftir það 7 út árið.

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Samtals
2021	1	2	4
2020	1	1	2
2019	0	1	1
2018	0	1	1
	2	6	8

Starfsmenn

Stöðugildin á Grænagarði voru 3,31 miðað við fjölda barna og aldur í september 2023. Fjórir starfsmenn voru í 100% starfi yfir allt skólaárið. Leikskólastjóri fyrir áramót var með kennsluréttindi og undirrituð var á síðasta ári í mastersnámi í leikskólakennarafræðum þegar hún tók við um áramót. Í byrjun skólaárs voru starfandi, fyrir utan leikskólastjóra, tveir leikskólakennarar og einn leiðbeinandi með B.Ed í leikskólakennarafræðum. Starfsmaður í afleysingum kom öðru hvoru í vinnu þegar upp

komu forföll í starfsmannahópnum. Einn starfsmaður vann tvær klst. á dag og sinnti eldhúsi og náði í mat.

Starfsmenn haustannar 2023

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Katarzyna Grzegorzcyk	Starfsmaður í leikskóla	
Joanna Majewska	Leikskólakennari	joannama@isafjordur.is
Hildur Sólmundsdóttir	Starfsmaður í leikskóla	hildursol@isafjordur.is
Selma M. Sverrisdóttir	Leikskólastjóri	
Ágústa Guðmundsdóttir	Afleysing	gudmundsdottiragusta@gmail.com
Hanna Gerður Jónsdóttir	Afleysing	
Guðrún Jónsdóttir	Eldhússtarfsmaður	

Í byrjun vorannar voru starfandi, fyrir utan leikskólastjóra, einn leikskólakennari, einn starfsmaður með Háskólapróf og einn leiðbeinandi. Starfsmaður í afleysingum kom öðru hvoru í vinnu þegar upp komu forföll í starfsmannahópnum. Einn starfsmaður vann tvær klst. á dag og sinnti eldhúsi og náði í mat.

Starfsmenn vorannar 2024

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Hildur Sólmundsdóttir	Leikskólastjóri	hildursol@isafjordur.is
Joanna Majewska	Leikskólakennari	joannama@isafjordur.is
Mekkin Guðmundsdóttir	Starfsmaður í leikskóla	mekkingu@isafjordur.is
Alma Sóley Wolf	Starfsmaður í leikskóla	
Pálína Ósk Igorsdóttir	Eldhús/Afleysing	
Magga Jens Jónsbur	Eldhús/Afleysing	maggaj@isafjordur.is

Allir starfsmenn eru komnir með fulla vinnustyttingu þ.e. fjórar klukkustundir á viku, þannig að vinnuvikan er komin niður í 36 klukkustundir.

Samstarf leik- og grunnskóla

Eitt barn var í elsta árgangi leikskólans síðasta skólaár og var samstarfið milli skólastiga mjög gott. Barnið fór í heimsókn í skólann einu sinni í viku fljótlega á haust önn. Sameiginlegir viðburðir voru nokkrir yfir árið.

Sameiginlegt jólaball var í leikskólanum og í vor var sameiginleg sólarganga og grillveisla. Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskólann og sá það meðal annars um fjáröflun á árshátíð grunnskólans og að kaupa jólagjafir fyrir nemendur á báðum skólastigum.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun leikskólans Grænagarðs gerði ráð fyrir **63.393.117** krónum en staðan í lok árs var **63.419.740** krónur. Leikskólinn var því **26.623** krónum yfir fjárhagsáætlun ársins.

Undirrituð getur ekki fært rök fyrir því hvers vegna fjárhagur fór fram úr áætlun þar sem hún var ekki tekin við störfum á þessum tíma.

Framkvæmdir

Eftirfarandi texti er tekin beint upp úr fyrri ársskýrslu.

Komin er tími til að lagfæra ýmislegt bæði innan- og utandyra. Brýn þörf er orðin á að mála innan húss, lagfæra klósett og gólfduk á nokkrum stöðum. Útidyrarhurðin er úr sér gengin, skefur/rignir inn í roki og úrkomu. Eldavél er orðin léleg og líklega komin mygla í gluggakistu fyrir ofan eldhúsvask einnig þarf að lagfæra klemmuvarnir og skiptiaðstöðu. Þakrennur eru brotnar og snjógildru vantar á þak vegna slysaþættu, setja þarf lás á hlið í garði þar sem börnin eiga auðvelt með að opna sjálf. Leiktæki í garðinum eru mörg orðin lúin og hætta á að börn klemmi sig og meiði sig á lausum skrúfum og flísum. Brú í kastala verður mjög sleip í rigningu, ísingu og snjó og skapast þess vegna fallhætta. Bæta þarf sandi í sandkassa og huga að fallvörnum. Ég sendi þessa viðhaldsbeiðni í júní 2022 og það fékkst heimild til þess að fara í þessa vinnu en illa gengur að fá menn í verkið vegna þenslu hjá verktökum, sem er bagalegt því að þörfin er brýn sérstaklega með tilliti til slysaþættu.

Á síðasta skólaári fékkst í gegn sú verkbeiðni að fjarlægja vegasölt, tröppur í brekku og lagfæring á fallvörnum undir rólum.

Annað hefur ekki verið gert af því sem talið var upp í fyrri ársskýrslu en frekari tillögur verða sendar til yfirferðar í haust. Það sem bætist helst við lista fyrri ára er að pallurinn við útidyr er allur fúinn í gegn og ónýtur. Gluggar á húsinu sjálfu eru margir að verða fúnir og lekur inn um þá í miklu rigningarveðri, bæði meðfram þéttingu og meðfram rúðum.

Í myndaviðauka 1 eru myndir úr fyrri ársskýrslum og er staðan á tækjum sú sama og/eða verri.

Í myndaviðauka 2 eru myndir af því sem hefur verið gert síðastliðið ár og staðan á öðrum hlutum á lóðinni.

Ljóst er að lóðin þarfnast allsherjar yfirhalningar og væri áhugavert að vita hvað skoðunarstofa BSI hefur að segja um stöðu hennar eins og er. BSI skoðaði völlinn árið 2021 og voru 6 tæki metin með talsverðri hættu og önnur með eitthvað minni hættu. Húsið er einnig komið á tíma varðandi ýmist viðhald.


Þar sem velferð barna er í húfi við þessar aðstæður tel ég nauðsynlegt að fara þurfi í viðeigandi aðgerðir til að öryggi þeirra sé tryggt. Margt smátt gerir eitt stórt og hefði líklega verið hægt að komast hjá þessu með því að halda hlutunum við með minniháttar viðhaldi á hverju ári. Því er hægt að draga lærdóm af vanhirðu síðasta rúma áratugs og koma af stað viðhaldsstefnu sem stuðlar að fjármagnssparnaði bæjarins þegar lengra er litið.

Uppsetning og ábyrgð á skýrslugerð:


Viðauki 1 - Myndir











Viðauki 2 – Myndir



Vegasölt hafa verið fjarlægð.



Fallvarnir lagaðar undir annarri (af tveimur) rólugrindinni.



Tréstigar hafa verið fjarlægðir úr brekku.



